

Háskólafundur föstudaginn 29. október 2010, haldinn
í stofu M-102, Sólborg, kl. 14–16.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar:

Rektor: Stefán B. Sigurðsson.

Forseti heilbrigðisvísindasviðs: Árún K. Sigurðardóttir.

Varaforseti viðskipta- og raunvísindasviðs: Ögmundur Knútsson.

Varaforseti hug- og félagsvísindasviðs: Anna Þóra Baldursdóttir.

Framkvæmdastjóri: Ólafur Halldórsson.

Gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs: Sigrún Magnúsdóttir.

Staðgengill forstöðumanns upplýsingasviðs: Astrid Magnúsdóttir.

Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs: Dagbjört Brynja Harðardóttir.

Forstöðumaður Rannsóknastofnunar HA: Hjalti Jóhannesson.

Forstöðumaður fjármála: Úlfar Hauksson.

Fulltrúar hug- og félagsvísindasviðs: Jón Haukur Ingimundarson, Bragi Guðmundsson, Finnur Friðriksson, Rachael Lorna Johnstone og Kristín Guðmundsdóttir.

Fulltrúar heilbrigðisvísindasviðs: Sigfríður Inga Karlsdóttir, Ingvar Teitsson, Sólveig Ása Árnadóttir, Hafdís Skúladóttir og Guðfinna Hallgrímsdóttir.

Fulltrúar viðskipta- og raunvísindasviðs: Hreiðar Þór Valtýsson, Helgi Gestsson, Hjörleifur Einarsson, Sigþór Pétursson og Steingrímur Jónsson.

Fulltrúi Félags prófessora við ríkisháskóla sem starfa við Háskólann á Akureyri: Hrefna Kristmannsdóttir.

Fulltrúi stjórnar Félags háskólakennara við HA: Erlendur Steinar Friðriksson.

Fulltrúar starfsfólks háskólaskrifstofu: Ólína Freysteinsdóttir og Ingibjörg Smáradóttir.

Fulltrúar Félags stúdenta við HA: Eydís Inga Sigurjónsdóttir, Valdimar Pálsson, Elísabet Þ. Jónsdóttir, Friðbjörn B. Möller, Lísbet Hannesdóttir og Hafrún Dögg Hilmarsdóttir.

Varafulltrúi í háskólaráði (án atkvæðisréttar): Elísabet Hjörleifsdóttir.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Endurskoðun á Stefnu Háskólans á Akureyri 2007–2011
2. Tilnefning fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð 2010–2012
3. Önnur mál

Fundur var settur kl 14:15. Rektor HA, Stefán B. Sigurðsson, setti fundinn, kynnti dagskrá og stýrði fundinum.

1. Endurskoðun á Stefnu Háskólans á Akureyri 2007–2011

Rektor reifaði málið og fór fyrst yfir þau stefnuskjöl sem nú eru í gildi við HA. Hann fór því næst yfir þau fimm meginmarkmið sem sett eru í stefnu HA 2007–2011. Þessu næst lagði rektor fram hugmyndir sínar um næstu skref við endurskoðun stefnunnar; að skipuð yrði nefnd til að endurskoða hana og myndi hún starfa í vetur en hægt yrði að samþykkja nýja stefnu haustið 2011.

Að lokinni kynningunni óskaði rektor eftir spurningum eða athugasemdum um málið. Fram komu spurningar og athugasemdir um:

- Hvort ekki væri ástæða til að Háskólinn mótaði skýrari sýn en fram kemur í núverandi stefnu sem lögð yrði til grundvallar endurskoðun á stefnu hans.
- Að mikilvægt væri að skerpa á stefnu Háskólans um fjarkennslu.
- Að mikilvægt væri að Háskólinn mótaði rannsóknarstefnu og gerði sýnilegar áherslur sínar um sérstöðu varðandi rannsóknir.
- Að ástæða væri til að skólinn hefði skýrari stefnu um upplýsingatækni.
- Að ástæða væri til að halda háskólafund oftari en gert hefur verið síðustu ár.

Rektor svaraði spurningum/athugasemdum jafnóðum og tók undir þær allar. Hann nefndi sérstaklega að mikilvægt væri að setja inn í stefnuna skýrari áherslu en nú væri á sérstöðu og sérkenni Háskólans og hvernig skólinn ætlaði að vinna í anda slíkrar sérstöðu. Hann tiltók sérstaklega sérstöðu HA sem landsbyggðarháskóla, þjónustuhlutverk hans við landsbyggðina og forystuhlutverk hans á sviði fjarkennslu.

Þá var rektor spurður um hvað liði vinnu verkefnisstjórnar um samstarfsnet ríkisháskóla og hvort samstarfsnetið myndi ekki óhjákvæmilega hafa áhrif á stefnu HA.

Rektor skýrði frá ýmsum þáttum í vinnu verkefnisstjórnarinnar og lagði áherslu á að gengið væri út frá því að Háskólinn á Akureyri yrði áfram sjálfstæður háskóli sem efdi sérstöðu sína, t.d. sem landsbyggðarháskóli og á sviði fjarkennslu. Hann skýrði einnig frá auknu samstarfi sem verið væri að þróa milli Háskólans á Akureyri og Háskólans á Hólum, m.a. um rekstur bókasafns og bókhald, og að á svipaðan hátt væri verið að styrkja samstarf Háskóla Íslands og Háskólans á Hvanneyri.

Loks urðu, undir þessum lið, umræður um ástæður þess að ekki hefur komist á samningur við prófessora við HA um fækkun kennslueininga, sambærilegan þeim sem gerður var haustið 2010 við FHA. Fram kom í máli talsmanns prófessora við HA, Hrefnu Kristmannsdóttur, að í mars 2010 hefði lagið fyrir tilboð frá félagi prófessora við ríkisháskóla sem rektor hafi síðan haft til umfjöllunar. Rektor taldi að tilboðið myndi ekki leiða til sparnaðar fyrir HA.

Aðrir sem til máls tóku, auk rektors voru: Helgi Gestsson, Sigrún Magnúsdóttir, Hrefna Kristmannsdóttir, Sigfríður Inga Karlsdóttir og Erlendur Steinar Friðriksson.

2. Tilnefning fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð 2010–2012

Rektor rakti fyrst breytingu á Lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 sem tók gildi 12. júní 2010 sem felur í sér að fulltrúum háskólasamfélagsins í háskólaráði fjölgar úr einum í tvo. Hann rakti síðan hvernig staðið var að tilnefninu stéttarfélaganna og framboðum til háskólaráðs og kynnti þau framboð sem borist höfðu. Eftirtaldir höfðu boðið sig fram (stéttarfélög innan sviga):

Birna María Svanbjörnsdóttir, lektor og forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar (FHA).

Elísabet Hjörleifsdóttir dósent, heilbrigðisvísindasviði (FHA).

Heiða Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri hug- og félagsvísindasviðs (FHA).

Hermann Óskarsson dósent, heilbrigðisvísindasviði (FHA).

Hjörleifur Einarsson prófessor, viðskipta- og raunvísindasviði (FPR).

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður samskiptamiðstöð, fjármála- og starfsmannasviði (SFR).

Steinunn Aðalbjarnardóttir verkefnastjóri, fjármála- og starfsmannasviði (FHA).

Rektor lagði því næst til að kosningunni yrði hagað þannig að fyrst yrðu kosnir aðalfulltrúar og því næst varafulltrúar.

Töluverðar umræður urðu um það fyrirkomulag sem viðhaft var í forkosningu á vegum stéttarfélaganna í HA og gagnrýni sem fram hefur komið á það. Helgi Gestsson, formaður FSA, tók til máls undir þessum lið og útskýrði það vinnulag sem stéttarfélögin viðhöfðu. Hann kallaði um leið eftir skýrari reglum frá háskólaráði og lagði til að þær yrðu samræmdar þeim reglum sem um þetta gilda í Háskóla Íslands. Umræður báru allar að þeim bruni að setja þyrfti skýrari reglur um hvernig staðið væri að framboðum til setu í háskólaráði í aðdraganda háskólafundar. Enn fremur kom fram það sjónarmið að óeðlilegt sé að líta svo á að fólk bjóði sig fram til háskólaráðs sem sérstakir fulltrúar stéttarféлага og að gera verði þá kröfu til þeirra sem sækjast eftir setu í háskólaráði að þeir geri það sem fulltrúar og talsmenn háskólasamfélagsins í heild. Loks var nefnt að æskilegt bæri að efna til fundar þar sem frambjóðendur kynna sig og stefnumál sín, áður en háskólafundur er haldinn.

Aðrir sem til máls tóku voru: Ögmundur Knútsson, Árún Sigurðardóttir, Hrefna Kristmannsdóttir, Rachael Lorna Johnstone, Guðfinna Hallgrímsdóttir og Sólveig Ása Árnadóttir.

Rektor tók sérstaklega undir nauðsyn þess að setja skýrari reglur um framboð til háskólaráðs og upplýsti að það yrði hluti af endurskoðun á reglum Háskólans á Akureyri sem þegar væri hafin.

Þá var gengið til kosninga um aðalfulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráði og stýrði þeim Guðrún María Kristinsdóttir, ritari rektors. Fyrst voru kosnir tveir aðalmenn. Fulltrúar Félags stúdenta, Eydís Inga Sigurjónsdóttir og Elísabet Þ. Jónsdóttir voru tilnefndar sem teljarar.

Atkvæði féllu þannig:

Birna María Svanbjörnsdóttir 22 atkvæði

Elísabet Hjörleifsdóttir 3 atkvæði

Heiða Kristín Jónsdóttir	4 atkvæði
Hermann Óskarsson	2 atkvæði
Hjörleifur Einarsson	16 atkvæði
Óskar Þór Vilhjálmsson	10 atkvæði
Steinunn Aðalbjarnardóttir	1 atkvæði

Birna María Svabjörnsdóttir og Hjörleifur Einarsson töldust því rétt kjörin sem aðalfulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráði 2010–2012.

Þá voru kosnir varafulltrúar og fór sú kosning fram á sama hátt. Rektor lýsti þeirri skoðun, sem hann sagði túlkun lögfræðings á 6. grein laga um háskóla, að líta bæri svo á að sá vara-fulltrúanna sem fleiri atkvæði hlyti yrði varamaður þess aðalfulltrúa sem kosinn væri með fleiri atkvæðum. Fram komu efasemdarraddir um þetta en ekki var skorið úr málinu á fundinum og rektor mun kanna málið nánar.

Úrslit kosningar um varafulltrúa í háskólaráð urðu þannig:

Elísabet Hjörleifsdóttir	8 atkvæði
Heiða Kristín Jónsdóttir	10 atkvæði
Hermann Óskarsson	13 atkvæði
Óskar Þór Vilhjálmsson	18 atkvæði
Steinunn Aðalbjarnardóttir	9 atkvæði

Hermann Óskarsson og Óskar Þór Vilhjálmsson voru því rétt kjörnir varafulltrúar í háskólaráði 2010–2012.

3. Önnur mál

Fyrir fundinum lá skriflega ósk frá Heilbrigðisvísindasviði um að tekin yrði til umfjöllunar á fundinum notkun nemenda á Facebook í tímum. Þeim sem lagt höfðu beiðnina fram þótti þessi notkun óhófleg og truflandi bæði fyrir aðra nemendur og kennsluna.

Rektor reifaði fyrst málið og upplýsti að hann hefði tekið það upp á fundi með stjórn FSHA og í framhaldi af því hefði formaður FSHA sent nemendum tilmæli um að draga úr Facebook-notkun í tímum. Hann lét þess einnig getið að hann hefði viljað sjá þessi tilmæli meira afgerandi.

Því næst gaf hann orðið Sigfríði Ingu Karlsdóttur sem talsmanni þeirra sem sent höfðu fundinum erindið. Hún rakti vandann eins og aðstandendur erindisins upplifðu hann og fannst ítrekaðar umræður við nemendur og tilmæli ekki hafa skilað árangri. Hún velti fyrir sér mögulegum lausnum svo sem að

- kennarar skoði kennsluhætti sína og hvernig þeir geta virkjað nemendur í viðfangsefnum í tímum,
- mótaðar verði skýrari siðareglur fyrir alla nemendur skólans sem feli í sér til hvers er ætlast af nemendum í tímum og hvaða athafnir þeirra þar teljist viðeigandi,

- gripið verði til þeirrar þrautalendingar að takmarka aðgang nemenda að Facebook í gegnum tölvukerfi HA.

Töluverðar umræður urðu um þetta mál og tóku margir til máls. Í þeim kom meðal annars fram að erfitt væri að takmarka aðgang nemenda að Facebook í gegnum tölvukerfi HA því það myndi jafnframt hafa áhrif á heimilum nemenda á stúdentagörðum; einnig væri Facebook einungis einn samskiptamiðill af mörgum. Flestir sem til máls tóku voru einnig á þeirri skoðun að slík boð og bönn væru óæskileg og að vænlegri leiðir væru að kennarar skoðuðu kennsluhætti sína með það fyrir augum að auka vinnusemi og virkni nemenda í tímum, ásamt því að móta sameiginlegar umgengni- og siðareglur fyrir nemendur og að ræða við nemendur um ábyrgð þeirra á námi sínu og samskiptum við aðra, bæði samnemendur og kennara. Bent var á að slíkar reglur væru þegar til á Hug- og félagsvísindasviði. Loks var á það bent að Facebook-síður væru ekki einungis notaðar til afþreyingar heldur væru t.d. bókasöfn í auknum mæli farin að nota slíkar síður til samskipta við nemendur. Niðurstaða umræðunnar var að ekki yrði haldið til streitu hugmyndum um að takmarka aðgang að Facebook heldur yrði unnið að málinu í þeim anda sem fram kom í umræðunum.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl 16:30

Fundargerð ritaði Rúnar Sigþórsson